

Fundur í stjórn Þyts 11. sept. 2017

Mættir: Gunnar Freyr, Sindri, Pétur, Árni Geir, Jóhann og Árni Þór sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Rædd stólaþörf en keypt hafa verið 10 samanleggjanleg borð. Formaður bar upp tillögu um kaup á 60 stólum til notkunar í sal. Ræddir ýmsir möguleikar varðandi útleigu salarins.
3. Sindri bar upp fyrirspurn um hvort fjárhagsstaða klúbbsins gerði það mögulegt að framlengja ráðningu Rebeccu. Gjaldkeri mun kanna fjárhagsstöðuna. Formaður benti á að fjöldi í æfingarhópi bæri ekki kostnað við þjálfun. Sindri benti á að til að bera þjálfara kostnaðarlega séð þyrfti 48 þátttakendur. Formaður taldi mjög brýnt að fjölga í æfingarhópi. Farið var lauslega yfir hversu margir hefðu komið að starfi klúbbsins nýlega. Niðurstaðan var að 7-10 manns hefðu komið að starfinu auk stjórnar. Erfitt getur reynst að vera með opið hús á æfingartímum. Formaður leggur til að við hættum með opið hús yfir vetrartímamann en höldum áfram með námskeiðin. Einnig rætt að taka þarf upp stóru bátana þegar byrjar að frysta.
4. Formaður ræddi nýlegt agamál sem kom upp á æfingu nýlega. Málið var rætt og niðurstaðan varð sú að rétt sé að fara fram á það við foreldra barna með agavandamál að foreldrarnir séu viðstaddir æfingar.
5. Gjaldkeri bar upp tillögu um að kanna hvort flötur sé á að ræða við skátana um samstarf. Formaður ræddi hugmyndir um sjóskátastarf og greindi frá sinni reynslu af slíku samstarfi. Samþykkt var að nafnarnir ræði við skátahreyfinguna um mögulegt samstarf.
6. Formaður vakti athygli á viðverubók og ábendingarblöðum í andyri. Fór fram á það við stjórnarmenn að þeir fari yfir texta á kynningarskjali sem á að liggja frammi. Ein ábending hefur borist þess efnis að klúbburinn verði með viðhaldsbækur fyrir mótorbáta félagsins. Einnig rætt um að merkja bátana.
7. Gjaldkeri greindi frá skiptum á kafaralunga sem skemmdist og talstöð í ágætu lagi. Þessi gjörningur er samþykktur. Sindri greidi frá ástandi talstöðva. Ljóst þykir að það þurfi að endurnýja 3 talstöðvar. Samþykkt að stefna að kaupum á 3 nýjum stöðvum.
8. Formaður greindi frá vinnu við undirbúning fjárhagsáætlunar næsta árs og bað um innlegg.
9. Formaður greindi frá að hann væri að skoða töflur fyrir skilaboð og auglýsingar í klúbbhúsnæði. Formaður mun koma með nánari útfærslu tillögunnar.